

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

9. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, föstudagninn 22. nóvember 2024 kl. 8:15. Haldinn í fundarherbergi 1.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Kristín Bergmann og María Ósk Ólafsdóttir fulltrúar kennara, Guðbjörg Líf Óskarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Arnar Páll Gíslason og Smári Hallgrímsson fulltrúar foreldra, Elín Aðalheiður Snorradóttir og Patrekur Brimar Jóhannsson fulltrúar nemenda og Katrín Þ. Andrésdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Fundargerð: María Ósk Ólafsdóttir

- Kynning á fulltrúum**

Hilmar bauð fulltrúa skólaráðs Stekkjaskóla skólaárið 2024-2025 velkomna á þennan fyrsta fund skólaársins. Bauð hann sérstaklega nýja fulltrúa í ráðinu velkomna þá Elínu Aðalheiði og Patrek Brimar fulltrúa nemenda og Guðbjörgu Líf fulltrúa annarra starfsmanna. Fulltrúar kynntu sig.

Fulltrúar skólaráðs skólaárið 2024-2025:

		Varamenn:
• Skólastjóri:	Hilmar Björgvinsson	Ástrós Rún Sigurðadóttir
• Fulltrúar kennara:	Kristín Bergmann	Helga Þórey Rúnarsdóttir
	María Ósk Ólafsdóttir	Hermína Íris Helgadóttir
• Fulltrúi annarra starfsmanna:	Guðbjörg Líf Óskarsdóttir	Halla Baldursdóttir
• Fulltrúar foreldra:	Arnar Páll Gíslason	Elva Dögg Valsdóttir
	Smári Hallgrímsson	Eva María Pétursdóttir
• Fulltrúar nemenda	Elín Aðalheiður Snorrad.	Halldóra Karítas Ármannsd.
	Patrekur Brimar Jóhannss.	Ólafur Geir Hlynsson
• Fulltrúi grenndarsamfélagsins	Katrínar Þ. Andrésdóttur	

- Hlutverk og starfsáætlun skólaráðs**

Hilmar fór aðeins yfir helstu hlutverk skólaráðs og lagði fram drög að starfsáætlun skólaársins en hana á að gera samkvæmt 4. gr. reglugerðar um skólaráð við grunnskóla. Sú hugmynd kom upp að gera aðgengilegt á heimasíðu eða auglýsa með einhverjum hætti að foreldrar geti komið með ábendingar til skólaráðs. Gott væri að upplýsa foreldra um að foreldrafélagið er tengiliður foreldra við skólann og hægt er t.d. að koma með ábendingar í gegnum foreldrafélagið. Umræða hvernig er best að koma þessum tillögum áfram til skólans og hvernig eigi að sigta hugmyndirnar. Niðurstaðan var að best væri að tengiliðir foreldrafélagsins verði í sambandi við skólastjórnendur. Niðurstaðan var að senda póst á foreldra en ekki leyfa umræðu á Facebook.

Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2023-24:

Mánuður	Verkefni
Nóvember 2024	Kynning á fulltrúum Hlutverk og starfsáætlun skólaráðs Starfsáætlun Stekkjaskóla skólaárið 2023-24 Kynning og umræður um skólastarfið Matsskýrsla 2022-2023
Janúar 2025	Fjárhagsáætlun 2025 Matsskýrsla 2023-2024 Skólapúlsinn nemendakönnun - niðurstöður Moodup starfsmannakönnun - niðurstöður
Febrúar/mars 2025	Starfsmannamál - ráðningar Skóladagatal 2025-2026
Maí Opinn fundur	Opinn fundur í skólaráði Skólapúlsinn - niðurstöður úr nemendakönnun og starfsmannakönnun
Maí 2024	Kaffihúsafundur um innra mat með starfsmönnum, fulltrúum foreldrafélags og skólaráðs

- Starfsáætlun Stekkjaskóla**

Starfsáætlun Stekkjaskóla fyrir skólaárið 2024-25 var lögð fram til umræðu og staðfestingar. Hilmar kynnti skýrsluna með því að sýna hvernig hún er byggð upp og með því að sýna efnisyfirlitið.

Eftir umræður um starfsáætlunina var hún staðfest af skólaráði. Hún fer inn á næsta fund fræðslu- og frístundarnefndar til staðfestingar og á heimasíðu skólans.

- Skólastarfið og húsnaði**

22. ágúst síðastliðinn var skólinn settur í fjórða sinn en hann hóf starfsemi haustið 2021. Í dag eru 296 nemendur í 1.-7. bekk og 66 starfsmenn í 57 stöðugildum. Í vetur leggjum við mikla áherslu á að halda áfram innleiðingu á uppeldisstefnuninni okkar; *Jákvæðan aga*. Valsmiðjur á miðstigi eru í stöðugri þróun og eitt af þeim verkefnum sem við erum virkilega stolt af.

Heimsíðu skólans er að byggjast smátt og smátt upp með ýmsum upplýsingar um skólastarfið. Þar má finna skóladagatalið, matseðla, starfsáætlanir, matsskýrslur o.fl.

Almenn ánægja er með mötuneyti skólans en þar er eldað fyrir um 870 manns. Matur er sendur úr húsi í á 9 starfsstöðvar, BES, Strandheima, Jötunheima, Vinaminni og Árblik. Það stýttist í að 2. áfangi skólans verði tilbúinn en áætlað er að hann verði afhentur 8. desember. Eftir fundinn ætlum við að fara í skoðunarferð um nýbygginguna.

- **Matskýrsla innra mats**

Í Stekkjaskóla er matsteymi sem heldur utan um innra mat skólans. Matsskýrsla fyrir skólaárið 2022-2023 er lögð fram til kynningar og samþykktar. Matsskýrsla fyrir skólaárið 2023-2024 er langt komin og verður lögð fram á næsta fundi ráðsins. Framundan er vinna við að innleiða nýtt sameiginlegt matsform hjá öllum grunnskólum Árborgar. Matsformið tengist menntastefnu Árborgar og ber heitið *Vegur til visku og velferðar*. Hægt er að nálgast menntastefnuna á heimasíðu Árborg og eins [hér](#).

- **Fundartími skólaráðs**

Skólastjóri lagði til að fundað yrði á mánudagsmorgnum 20. janúar kl. 8:15.

- **Önnur mál**

- Hugmynd um að fá eldri borgara til að koma í skólann og hlusta á nemendur lesa.
- Ábending frá nemendum að hafa fjölbreyttara úrval í valgreinum, sú hugmynd kom upp að nemendur komi með hugmyndir að valgreinum.
- Samræða lýsinguna í starfsáætlun Stekkjaskóla um áformsbækurnar og hvernig þær eru uppbyggðar, það hafa orðið breytingar á bókunum.
- Umræða um öryggisráð og brunavarnir.
- Ábending kom eftir KVAN fyrirlestur sem var í gær um að merkja sætin í matsal, gaman væri að prófa það.

Næsti fundur mánudagurinn 20. janúar 2025 kl. 8:15

Fundi slitið kl 9:30

MÓÓ/HB